

From: [Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir](#)
To: [Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir](#)
Subject: Drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar í umsagnarferli til 23. ágúst 2021
Date: miðvikudagur, 7. júlí 2021 16:40:11

Til íbúaráða Reykjavíkurborgar – óskað er eftir umsögnum um lýðræðisstefnu og fylgiskjöl fyrir 23. ágúst nk. [Ykkur er velkomið að setja inn umsögn bæði sem ráð og sem einstaklingar.](#)

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar



2021-2030

Frá hausti 2019 hefur staðið yfir vinna við mótun [lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar](#) og liggja núna fyrir drög að stefnunni ásamt aðgerðaráætlun og mælanlegum markmiðum sem finna má [hér](#). Óskað er eftir umsögnum um stefnuna, aðgerðaráætlunina og mælanlegu markmiðin. Frestur til þess að skila umsögnum er til 23. ágúst 2021

Hægt er að setja inn umsagnir [hér](#).

Eða senda tölvupóst í netfangið lydraedi@reykjavik.is

Stefnuþrógin voru unnin í opnu samráðsferli sem aðgengilegt var öllum. Covid setti vissulega svip sinn á samráðsferlið en með rafrænum lausnum í bland við aðrar aðferðir tókst að bjóða upp á víðtækt samtal um lýðræði og þátttöku í Reykjavík. Markmiðið með stefnunni er að auka þátttöku og áhrif íbúa. Lýðræðisstefnan á að vera leiðarljós bæði fyrir íbúa borgarinnar og stjórnkerfið um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.

Samráðsferlið var fjórþætt:

1. Opið samráðsferli stóð yfir á [vefnum Betri Reykjavík](#) frá febrúar 2020 til júní 2021. Þar gátu allir sem vildu sett inn sínar hugmyndir um lýðræði og þátttöku.
2. Rýnihópar voru framkvæmdir af ráðgjafafyrirtæki þannig að valið var úr hópi íbúa Reykjavíkur af handahófi til þess að ræða lýðræðismál. Samantekt á umræðum rýnihópa.
3. Vinnufundir í stjórnýslu Reykjavíkurborgar voru haldnir til að undirbúa gerð stefnunnar. [Samantekt vinnuhópa](#).
4. Opinn rafrænn fundur [Stefnumót við lýðræðið](#), var haldinn 25. nóvember 2020 um framtíð lýðræðis í Reykjavíkurborg. Öll voru velkomin og fundurinn vandlega auglýstur. Allt upplýsingaefni og skráningarform fyrir fundinn var í boði á þremur tungumálum auk þess sem boðið var upp á túlkabjónustu. [Samantekt fundar um stefnumót við lýðræðið](#).

Í allri vinnu í stefnumótunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að ná til allra hópa samfélagsins og sérstaklega gætt að öllu aðgengi.

Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í lýðræðismálum og starfsmaður stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu á Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, netfang: sigurlaug.anna.johannsdottir@reykjavik.is

Democracy policy in Reykjavík

Municipalities in Iceland are required [by law](#) to consult with the residents on the administration of the city: “The local government shall seek to ensure the residents of the municipality and those who benefit from its services have the opportunity to participate in and influence the administration of the municipality and the preparation of policymaking.”

A steering committee on behalf of The City of Reykjavík has formulated and put forward a draft of the first democracy policy for the city, see here. Now we are looking to all residents of Reykjavík to submit their comments on the draft. Either by logging on to <https://www.betrireykjavik.is/community/3414> or send your comments in an email at lydraedi@reykjavik.is

The main goal of the Democracy Policy is to increase the participation and involvement of residents as stakeholders and allow them to have a say in decision-making processes.

An extensive consultation process was carried out during the policy-making process. There was an open online consultation forum on the [Better Reykjavík platform](#), where we encouraged people to add their ideas about democratic processes and to comment on other's ideas. The policymaking process for the public encourages multicultural participation where translators and materials are available in three languages.

An [open online conference](#) was held on the 25th of November where all were welcome. [A transcript of the meeting in English](#).

Another part of the policymaking process where focus groups were randomly selected citizens expressed themselves about the democracy in the city, hosted by a consulting company. [Summary, but only available in Icelandic](#)

Also as a part of the process, there were workshops within the administration on all levels.

[-Summary, but only available in Icelandic](#)

For further information contact democracy advisor, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, at City of Reykjavik Human Rights and Democracy Office via mail

sigurlaug.anna.johannsdottir@reykjavik.is

Bestu kveðjur/ Best regards,

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

Sérfræðingur í lýðræðismálum/democracy advisor

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/

City of Reykjavik Human Rights and Democracy Office

Ráðhús Reykjavíkur/City Hall

101 Reykjavík, Iceland

Sími: 411 4155 Tel: +354 4114155

Gsm: 845 4036 Mobil: +354 845 4036

sigurlaug.anna.johannsdottir@reykjavik.is

www.rvk.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.